



Reykjavík, 31. mars 2014

Stjórnvaldssekt vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti

Þann 19. mars 2014 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Icelandair Group hf. (Icelandair) vegna brota gegn 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti (hér eftir vvl.).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Icelandair hefði brotið gegn 1. mgr. 122. gr. vvl. með því að hafa þann 3. desember 2012 hvorki birt innherjaupplýsingar um væntanleg kaup á flugvélum, né tekið ákvörðun um frestun á birtingu innherjaupplýsinganna, eftir að stjórn félagsins hafði tekið ákvörðun um að ganga til lokasamningaviðræðna við flugvélaframleiðendur.

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. vvl. ber útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga, að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

Samkvæmt 4. mgr. 122. gr. vvl. er útgefanda fjármálagerninga á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar.

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að Icelandair hafi einungis veitt fjárfestum takmarkaðar upplýsingar um stöðu mála varðandi flugflota félagsins fyrir 3. desember 2012. Í tilkynningu félagsins frá 31. október 2012 kom fram að verið væri að vinna að langtímaáætlun varðandi flugvélaáætlun þess. Í tilkynningunni kom jafnframt fram að ákvörðun yrði tekin innan tíðar um hvort félagið myndi eingöngu styðjast við Boeing 757 flugvélar til ársins 2022 eða nota fyrrgreindar vélar auk smærri flugvéla. Fjárfestum var því ljóst að breytingar gætu verið í burðarliðnum án þess þó að búa yfir ítarlegum upplýsingum.

Fjármálaeftirlitið telur ljóst að meginefni fyrirhugaðra samninga hafi legið ljós fyrir a.m.k. þann 3. desember og jafnvel fyrr enda höfðu tilboð tveggja félaga verið borin undir stjórn 23. nóvember 2012 og voru þau efnislega þau sömu og stjórn hafði undir höndum þegar ákveðið var að ganga til samninga við Boeing. Í bæði samningsdrögum við félögin, sem vísað er til í stjórnarfundargerð frá 3. desember, og viljayfirlýsingunni sem Icelandair og Boeing skrifuðu undir 6. desember 2012, er rætt um hvaða tegund flugvéla er að ræða og fjölda þeirra. Með vísan til þess telur Fjármálaeftirlitið að þann 3. desember hafi stjórn Icelandair tekið ákvörðun um að færa samningaviðræðurnar á lokastig og að skýr vilji hafi legið fyrir að kaupa 12 flugvélar. Telja verður að upplýsingarnar sem mynduðust þann dag hafi verið upplýsingar sem fjárfestar myndu líta til við ákvörðun um fjárfestingu í félaginu. Um er



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

að ræða upplýsingar um afstöðu stjórnar félagsins, fjölda flugvéla, mögulegar tegundir véla og áhrif viðskiptanna á rekstur félagsins til framtíðar. Slíkar upplýsingar uppfylla að mati Fjármálaeftirlitsins skilyrði 120. gr. vvl. til að teljast innherjaupplýsingar þar sem þeir sem hefðu búið yfir slíkum upplýsingum hefðu haft verulegt forskot á aðra fjárfesta sem bjuggu ekki yfir sömu upplýsingum.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, alvarleika brots, samstarfsvilja hins brotlega aðila og stjórnvaldssekta í sambærilegum málum var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri 10.000.000 krónur. Hvað varðar alvarleika brotsins var m.a. litið til þess að viðskipti með hlutabréf Icelandair á því tímabili sem um ræðir voru tiltölulega umfangsmikil samanborið við önnur félög skráð í Kauphöllina. Þá var um að ræða afar stóra fjárfestingu sem var til þess fallin að hafa umtalsverð áhrif á sjóðsstreymi og afkomu félagsins í framtíðinni. Á hinn bóginn var litið til þess að upplýsingarnar voru birtar stuttu eftir að þær mynduðust eða þremur dögum seinna. Þá var einnig litið til þess að ekki var merkjanleg aukning í viðskiptum með bréf Icelandair á markaði eftir að upplýsingarnar birtust.